



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 7. maí, 2008

Ákvörðun nr. 28/2008

Samruni FL Group og Tryggingamiðstöðvarinnar

I.

Málavextir og málsatvik

Með bréfi frá FL Group hf. (hér eftir FL), dags. 25. september 2007, barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um kaup FL á öllu hlutafé í Tryggingamiðstöðinni hf. (hér eftir TM). Þann 27. september sama ár tilkynnti Samkeppniseftirlitið FL með bréfi að stofnunin teldi tilkynninguna ófullnægjandi þar sem upplýsingar í samrunaskrá FL væru ekki í samræmi við viðauka við reglur nr. 881/2005, um tilkynningu samruna. Helgaðist það fyrst og fremst af því að ekki var gerð fullnægjandi grein fyrir yferráðum yfir FL. Með bréfi, dags. 10. október 2007, andmælti FL þessu mati Samkeppniseftirlitsins og óskaði frekari rökstuðnings. Þá var tilkynnt með bréfi, dags. 16. október s.á., um breytingar á eignarhlut FL í TM til hækkunar.

Þann 20. nóvember 2007 sendi Samkeppniseftirlitið FL bréf í hverju kveðið var upp úr með að samrunaskrá aðila væri ófullnægjandi og það rökstutt með ítarlegum hætti. Í grundallaratriðum byggði niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um að samrunaskrá aðila væri ófullnægjandi á því að stærstu hluthafar FL færu með yferráð yfir FL en því var félagið ósammála. Taldi Samkeppniseftirlitið að Baugur Group hf., Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf., Fons hf., Materia Invest ehf. og Sund ehf. sem frá skráningu FL hefðu verið nátengd því ýmist í gegnum eignarhluti, stjórnarsetur eða með viðskiptum við félagið færu með yferráð yfir félaginu í sameiningu. Þá hafa þessir sömu eigendur haft með sér margvíslegt samstarf á öðrum sviðum svo sem í Húsasmiðjunni hf., Glitni banka hf., Byr sparisjóð, 365 hf., Teymi hf. og fleiri félögum. Fari einstaklingar eða lögaðilar með yferráð yfir samrunafélagi er nauðsynlegt að geta þess í samrunaskrá auk þess sem ýmsar frekari upplýsingar voru ekki veittar. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að samstarf framangreindra aðila er með þeim hætti að þeir teljist fara með sameiginleg yferráð yfir FL.

Með bréfi dags. 14. desember 2007 tilkynnti FL að félagið hygðist kæra ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að samrunaskráin væri ófullnægjandi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þann 1. febrúar 2008 kvað áfrýjunarnefnd upp úrskurð sinn í málinu og vísaði frá kæru FL, sbr. úrskurð nr. nr. 9/2007 *FL-group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.



Að fengnum úrskurði nefndarinnar óskaði FL í bréfi dags. 11. febrúar 2008 eftir nánari tilgreiningu þeirra upplýsinga sem þeim bæri að senda Samkeppniseftirlitinu. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 11. mars sl. er ítrekað að FL beri að veita þær upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið hafði þegar tilgreint í þeim bréfaskiptum sem rakin eru hér að framan. Í bréfi frá FL dags. 29. mars 2008 kom fram að FL muni verða við þeim óskum með þeim fororði að félagið taldi að erfitt kynni að vera að afla vissra upplýsinga frá eigendum FL. FL óskaði ennfremur eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu, sem haldinn var þann 9. apríl, en þar var rætt frekar um upplýsingagjöf vegna samrunans. Bárust upplýsingarnar í kjölfarið með nokkrum bréfum frá FL og fleiri aðilum. Taldi Samkeppniseftirlitið þar með að fullnægjandi upplýsingar hefðu borist til þess að leggja efnislegt mat á samrunann. Tók frestur samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga því að líða þann 16. apríl.

II. Niðurstaða

1.

Samkvæmt samrunaskrá aðila frá 25. september 2007 er ekki um félagslegan samruna að ræða heldur mun FL eignast nánast öll hlutabréf í TM. Er markmið samrunans sagt vera að styrkja stöðu TM enn frekar á þeim mörkuðum sem félagið hefur starfað á og nýta sér tækifæri til ytri vaxtar, sérstaklega á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Samkvæmt hinni upphaflegu samrunaskrá átti FL eignarhluti í Glitni banka hf., Royal Unibrew, Finnair Oyj, Inspired Gaming Group, Aktiv Kapital, Eikarhaldi, Tónvís, Geysi Green Energy, Windeham Press Group plc., Northern Travel Holding og Unity Investment ehf. TM var sagt eiga 38,32% hlut í Íslenskri endurtryggingu. Eignasafn FL er ekki með sama hætti nú. Hafa meðal annars bæst við eignarhlutir í Landic Property sem áður var í eigu Baugs. FL á enn eignarhluti í félögum þar sem það er í samstarfi við eigendur sínu, þ.e. Eikarhald, Unity og Northern Travel Holding. Eins og fram kom í kafla I hér að framan telur Samkeppniseftirlitið að með hliðsjón af fjárfestingasögu stærstu eigenda FL og annarra upplýsinga sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum verði að telja að Baugur Group, Fons, Oddaflug, Materia Invest og Sund fari með sameiginleg yferráð yfir FL. Framangreint mat hefur ekki breyst við síðari upplýsingagjöf félaganna. Meðal annarra fjárfestinga sem þessi félög hafa komið að og snerta markaði tengda váttryggingamarkaðnum má nefna eignarhluti þeirra í Glitni banka og Byr sparisjóði.

Í viðbót við samrunaskrá, dags. 14. apríl 2008, kemur fram að TM starfi á váttryggingamarkaði, sem oft hefur verið skipt í þrennt, þannig að líftryggingar, skaðatryggingar og endurtryggingar mynda sérstaka markaði. Vísar TM til þess í bréfinu að samkvæmt ársreikningaskrá, sem aðgengilegar eru á heimasíðu



Fjármálaeftirlitsins¹ megi ráða að markaðshlutdeild TM á skaðatryggingamarkaði sé 22-23%. Telur TM að hlutdeild félagsins á markaðnum fyrir líftryggingar sé um 5% með hliðsjón af sömu heimildum. Er nokkur hluti starfsemi TM erlendis.

2.

Af gögnum málsins er ljóst að markaðsráðandi staða samrunaaðila á mörkuðum verður ekki til eða styrkist við kaup FL á þorra hlutfjár TM, en keppinautum fækkar ekki við samrunann. Athugun Samkeppniseftirlitsins bendir ekki til þess að samlegðaráhrif þessa samruna skapi aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppinauta skerðist við samrunann. Að öllu framansögðu virtu þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni FL og TM gefi ekki ástæðu til frekari aðgerða.

Ákvörðunarorð:

„Kaup FL group á yfirgnæfandi meirihluta hlutfjár Tryggingamiðstöðvarinnar felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ www.fme.is